

28.3.2018

Ágæti viðtakandi

Tillaga til þingsályktunar um umhverfismat fyrir gerð láglendisvegur um Mýrdal var tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn Mýrdalshrepps á fundi sem haldinn var fimmtudaginn 22. mars og þar var eftirfarandi bókun gerð:

5. Tillaga til þingsályktunar um umhverfismat fyrir gerð láglendisvegur um Mýrdal.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar mjög framkominni þingsályktunartillögu og sérstaklega því að allir þingmenn Suðurlands standi saman að þingsályktuninni. Á undanförunum árum hefur verið þrýst mjög á stjórnvöld um að koma umhverfismati framkvæmdanna af stað, en umhverfismat framkvæmda er önnur helsta forsenda þess að hægt sé að taka endanlega ákvörðun um gerð láglendisvegur um Mýrdal í samræmi við gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað:

Lagfæring hringvegur 1, Jökulsárbrú á Sólheimasandi og lagfæring á Gatnabrún ættu að vera þau forgangsverkefni sem við ættum að beita okkur fyrir með alla þessa umferð um Mýrdalinn. Í þau 7 ár sem ég hef setið í sveitarstórn hefur meirihlutinn aldrei beitt sér fyrir lagfæringu Gatnabrúnar, ef menn hefðu gert það væri verið að vinna í henni í dag. Umhverfismat á nýrri veglínu er gott og gilt en það breytir ekki þessu:

- Vegur undir Eyjafjöllum mun áfram lokast og breytist ekki við jarðgöng
- Sandstormur í Víkurfjöru er orðið vandamál
- Það eru hækkandi sjávarföll
- Ósbakkaleirurnar eru stórt votlendissvæði, Mýrdalshreppur sem aðili að UNESCO, Kötlu jarðvangi ber að vernda það votlendissvæði sem er jafnframt mjög mikilvægt búsvæði fugla.
- Ekki hefur verið samið við alla jarðeigendur sem veglínan þverar
- Ný veglína þýðir tvöfalt vegkerfi, dýrara í rekstri og raskar lífæð ferðapjónustu um Mýrdal
- Óvíst er að jarðlög í Reynisfjalli henti til jarðgangnagerðar

Meirihluti sveitarstjórnar óskar bókað: Bókun Evu Daggar Þorsteinsdóttur er þessari þingsályktun algerlega óviðkomandi og með öllu óskiljanlegt að fulltrúi í sveitarstjórn Mýrdalshrepps styðji ekki þá rannsóknarvinnu sem þörf er á að ráðast í til að hægt sé að taka endanlega og upplýsta ákvörðun um byggingu láglendisvegur um Mýrdal.

Kveðja

Ásgeir Magnússon
sveitarstjóri Mýrdalshrepps

sveitarstjori@vik.is

sími 487 1210

gsm 898 3340



Mýrdalshreppur